

Tapaðar kröfur og tjónbætur
09 973

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Tapaðar kröfur og tjónbætur
Fjárlagaliðurinn er í umsjón
Fjárlaga og efnahagsráðuneytið
kt. 550169-2829
Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Tapaðar kröfur og tjónbætur er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 0 milljónir og afkoma kr. -149,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -149,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 70,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Tapaðra krafna og tjónbóta í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Tapaðra krafna og tjónbóta fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Staður, dags.

Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
		<hr/>	<hr/>
Tekjur samtals		0	0
Gjöld			
Annar rekstrarkostnaður	3	<u>149.245.510</u>	<u>457.790.914</u>
Gjöld samtals		149.245.510	457.790.914
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		(149.245.510)	(457.790.914)
Afkoma ársins		<u>(149.245.510)</u>	<u>(457.790.914)</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	4	<u>70.754.490</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir samtals		<u>70.754.490</u>	<u>0</u>
Eignir samtals		<u>70.754.490</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Hrein eign		<u>(149.245.510)</u>	<u>(457.790.914)</u>
Eigið fé samtals		<u>(149.245.510)</u>	<u>(457.790.914)</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Tengdir aðilar	4	0	347.790.914
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	6	<u>220.000.000</u>	<u>110.000.000</u>
Skuldir samtals		<u>220.000.000</u>	<u>457.790.914</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>70.754.490</u>	<u>0</u>
Aðrar upplýsingar	7		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(149.245.510)	(457.790.914)
Handbært fé frá rekstri		<u>(149.245.510)</u>	<u>(457.790.914)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		(418.545.404)	347.790.914
Fjárfestingarframlag		110.000.000	110.000.000
Breyting skv. Frumvarpi um staðfestingu ríkisreiknings		457.790.914	
		<u>149.245.510</u>	<u>457.790.914</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	0
Handbært fé í byrjun árs		0	0
Handbært fé í árslok		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði og mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færður í yfirlit um afkomu að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

	2018	2017
3 Annar rekstrarkostnaður		
Tapaðar kröfur	149.245.510	457.790.914
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>149.245.510</u>	<u>457.790.914</u>
	31.12.2018	31.12.2017

4 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	70.754.490	0
	<u>70.754.490</u>	<u>0</u>

Skudlir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	347.790.914
	<u>0</u>	<u>347.790.914</u>

5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2018	31.12.2017
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(457.790.914)	0
Breytingar skv. frumvarpi um staðfestingu ríkisreiknings	457.790.914	0
Afkoma ársins	(149.245.510)	(457.790.914)
Jöfnuður 31.12.	<u>(149.245.510)</u>	<u>(457.790.914)</u>

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

6 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	220.000.000	110.000.000
	<u>220.000.000</u>	<u>110.000.000</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018	0	110.000.000	110.000.000
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	110.000.000	110.000.000
	<u>0</u>	<u>220.000.000</u>	<u>220.000.000</u>